

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Janúar 2010

Rabbað við Ármann nr. 246

um fagurt mannlíf í Aðaldal, sjötíu og átta Hlíðarvatnsbleikjur og þorrablót Ármanna í aldarfjórðung

Jón Þ. Ísaksson, fyrrverandi flugumferðarstjóri frá Vestmannaeyjum, gekk í Ármenn 1977 þegar félagið hafði enn ekki slitið barnskónum, og fór þá í alvöru að veiða. Þeir sem leggja leið sína í Hlíðarvatn hafa séð furðulega marga fiska skráða við nafn hans í veiðibókinni. Jón sat í hinni atorkusömu stjórn Sigurðar Benjamínssonar á árunum 1985 til 1989 og á margar góðar minningar um starfið með Ármönnum. Þau hjónin, Jón og Þóra K. Ásmundsdóttir, hafa ekki látið sig vanta á þorrablót félagsins í áratugi. Þegar Jón tekur á móti tíðindamanni Áróðs byrjar hann á að afsaka það hvað hann er haltur og skakkur, hann dragist varla um íbúðina. Mjaðmarliðurinn er ónýtur en aðgerð framundan svo hann ætti að komast til veiða í sumar. Það gæti orðið verra með þorrablótið.

Já, félagið var stofnað árið 1973 á afmælisdaginn minn, 28. febrúar, svo það var tiltölulega nýstofnað þegar ég byrja. Þeir höfðu þá húsnæði í Kópavoginum, mig minnir að það hafi verið með einhverju skotveiðifélagi, alveg ferleg aðstaða og lítið pláss. Þetta var svo lítið allt saman og þegar Sigurður Benjamínsson varð formaður var drifið í að leita að nýju húsnæði.

Bráðlega kom Dugguvogurinn upp í hendurnar á okkur. Þetta var mikið stökk fyrir félagið og nú mætti mannskapurinn. Okkur fannst þetta alveg óhemjustórt pláss og allir voru í sæluvímu. Auðvitað var þetta töluverð fjárhagsleg skuldbinding, við fengum lán og ég skrifaði undir einhverjar skuldir af því ég var í stjórn, en það gekk vel að borga. Það munaði um að allir lögðust á eitt. Fljótlega voru keyptir lampar og þá fóru menn að hnýta saman og seldu flugur. Við vorum lítið félag, allir þekktu alla og hópurinn



Jón og Þóra á góðri stund á þorrablóti Ármanna

var samhentur. Í Kópavoginum var ekki pláss til neins, bara eitt eða tvö borð, og ekkert komst fyrir.

Hlíðarvatn númer eitt

Veiðin var auðvitað aðalmálið. Það var samið um Hlíðarvatn árið áður en ég byrjaði, þar var aðalveiðin, og svo voru menn töluvert í Mývatnssveit en lengst af í Flóðinu í Grenlæk. Ég átti bumbubát sem ég notaði alltaf þegar ég var í Flóðinu, mér fannst það miklu þægilegra en að vera á árabát. Á vissum stað við efra nesið á Vesturbakkanum hitti ég einu sinni á bleikjugöngu og fékk þá átján bleikjur, allar 4,5 pund. Þú mátt trú á því að það var nokkuð þungt að bera en fjölskyldan var ánægð.

Ármenn voru líka með holl í Grímsá. Það var nokkuð dýrt og menn voru tveir saman á stöng. Þetta var góður staður og gaman að veiða en ég fór ekki oft. En ég var oft í Vatnsdalsá, við fórum allir þangað. Ármenn voru líka með aðgang að Skagaheiði um tíma. Við fórum þrjú eða fjögur sumar, það

var mjög gott og bleikjan falleg. En Hlíðarvatn var auðvitað alltaf númer eitt.

Ég var svo heppinn að í fyrsta skipti sem ég fór í Hlíðarvatn fór Kolbeinn (#73) með mér. Þá var ég nýgenginn í félagið og hann var alveg til í að sýna okkur nýliðunum hvernig átti að veiða. Þetta var í fögru veðri að vorlagi, alveg blanka logn og við vorum þarna bara tveir. Hann sýndi mér meðal annars víkina hjá Hafnfirðingunum. Ég óð eins



Nú mega bleikjurnar í Fitjaflóði fara að vara sig



Ármaður #246 veiðir eingöngu á flugu – ekki bara Peacock

langt út og ég komst og kastaði þar en hann fór út á Hjalltangann og veiddi þaðan. Eftir daginn hafði hann náð 100 bleikjum en ég hátt í 50. Ég var auðvitað hæstánægður eftir minn fyrsta túr, og allt á Peacock, ekkert annað. Peacock er aðalflugan í Hlíðarvatni.

Við veiddum alltaf saman, við Dagnýr Marinósson (#299) og Óli skeggur (#314). Dagnýr var vélstjóri á Súlnni og svo á Hofsjökli en býr núna á Akureyri. Hann var oft á sjónum og gat ekki komið með í alla tíra. Pabbi hans var frá Vestmannaeyjum og ég þekkti hann vel en við Óli kynntumst í Ármönnum og höfum veitt lengi saman. Einhverju sinni vorum við í Hlíðarvatni með Tryggva Jónasar (#466) og höfðum lítið fengið. Við vorum vestast í vatninu, við hólmana þar. Maður verður að passa sig á álftinni, hún getur verið aðgangshörð. En þarna veð ég út í skerinn, út á mótis við girðingu, og þar tók ég 78 fiska. Trygvi tók 20 og missti einn í fuglinn. Ég hef aldrei fengið annað eins og þó hef ég oft reynt aftur á þessum stað, síðast í hitteðfyrri – en þá var ekkert.

Ég hef farið bókstaflega út um allt vatnið, verið fyrir sunnan og austan. Ég hef veitt býsna vel á mótis við þar sem komið er að hliðinu að sunnanverðu, þar út af og hjá réttinni, ég hef farið út í Hlíðarey og þar getur verið góður fiskur, og ég hef veitt mikið í Skollapollunum. Einu sinni hef ég séð torfu af fiski í Hlíðarvatni. Það var innst í Botnavíkinni. Það var einhvern tíma seinni part sumars og við stöðum þarna fimm saman og veiddum.

Peacock hefur gefist mér langbest af öllum flugum. Ég hnýti hann af ýmsum stærðum, langan og stuttan

og oft með rautt ullarskott á endanum. Nú sækir Jón fluguboxin sín og sýnir tíðindamanni Áróðs ótal útgáfur af flugum. Peacockinn hjá honum er hvorki mjór né digur, en samsvarar sér vel, sumir eru hnýttir alveg í buginn á önglinum, en aðrir eru styttri, og víða er rautt í.

Maður var aldrei með minna en 30 fiska eftir daginn, en það er miklu minna núna. Undanfarin ár hef ég farið um miðjan maí og stundum gengið vel en alls ekki alltaf. Í fyrra og hitteðfyrri varð ég ekki var, og það meira að segja seinnipartinn í september. Það hefur eitthvað mikið breyst.

Mannlífið hjá tengdó

Þessi veiðiskapur hjá mér byrjaði smám saman eftir að ég kynntist konunni minni. Hún er frá Lindahlíð í Aðaldal. Lindahlíð, ásamt samliggjandi jörðum, Mýlaugsstöðum og Sýrnesi, var í fjölskyldunni en þessar jarðir eiga land að Eyvindarlæk endilöngum, frá Vestmannsvatni og út í Laxá, og þremur fallegum silungsvötum á leiðinni þar sem bændur veiddu jafnan í net. Konan er annað hvort vinkona, skyld eða tengd fólki sem á land að rómuðum veiðisvæðum þarna fyrir norðan svo það var hægur vandi hjá okkur að hafa samband við bændurna en tengdapabbi sá um að útvega veiðileyfi hjá bændum í kring. Maður tíndi upp laxana þarna.

Ef maður labbaði yfir hálsinn í 20 mínútur, var maður kominn á Vaðsbæina, sem standa við Skjálfandafljót suður af Skriðubæjunum, og þarna átti frændi hennar heima, Ásmundur Karlsson. Hann er núna nýfluttur á elliheimilið Hvamm á Húsavík. Það er til þess að gera lygnt þarna og ég fékk alltaf bleikju á flugu en Ási veiddi í matinn, bara í net.

Skólasystir Þóru bjó á Árhólum í Laxárdal og þar fékk ég að veiða áður en ég kynntist Ármönnum. Ég var líka í kunningsskap við virkjunarmennina og fékk oft að veiða neðan virkjunar. Þar náði ég einu sinni tveimur 18 punda löxum. Einhverju sinni var ég að veiða á Múlatorfunni þar sem straumurinn kemur niður á lygnuna fyrir neðan virkjun. Ég óð út í strauminn og hann var á. Þetta reyndist vera fimm punda urriði. Þarna er hár bakki og erfitt að komast í land svo ég tek það ráð að henda fiskinum upp á bakkann. En þá vildi ekki betur til en svo að öngullinn kræktist í fiskinn og hin krækjan í höndina á mér. Þetta ævintýri endaði á skurðarborðinu á Húsavík.

Veididellann byrjaði samt ekki í fullri alvöru fyrr en ég gekk í Ármenn, en þá varð ég líka alveg forfallinn.

Þorrinn blótaður í aldarfjórðung

Þorrablótin byrjuðu fljótlega eftir að við komum í Dugguvoginn en ég man ekki hverjir komu þeim af stað. Við höfum mætt á þorrablót Ármanna frá fyrstu tíð. Það er alltaf gaman og góður félagsskapur – og alltaf góður matur. „Við höfum bæði alltaf verið hæstánægð með matinn,“ skýtur Þóra inn í samtalið, „þótt hann sé útlendingur en ég Þingeyingur,“ bætir hún við hlæjandi eins og til skýringar. Þeir fengu matinn lengi frá Múlakaffi þar til í fyrra. Þá kom hann annars staðar frá en það var ekkert síðra. Við ætlum ekki að láta okkur vanta. „Og hvernig ætlar þú svosem að komast upp stigann, sem varla kemst um á sléttu gólfi?“ spyr Þóra. „Ég bara fer upp,“ segir þessi aldni höfðingi kankvíslega um leið og hann fylgir tíðindamanni Áróðs til dyranna, gangandi staflaus á öðrum fæti, „það er ekkert um annað að ræða ef maður ætlar á blótið.“

#643 skráði

Þeir sem hafa gaman af að veiða ættu að halda vöku sinni og merkja líka við 3. mars n.k. á almanaki sínu. Þá ætlar Hilmar J. Malmquist líffræðingur og forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs, og sem okkur er af góðu margkunnur, að segja okkur frá stöðu og afkomu bleikjunnar í íslenskum stöðuvötum. Sennilega er enginn fróðari um þau mál, en óhætt er að halda því fram, að þar er ýmislegt að gerast sem er fullrar athygli vert. **Hússtjórnin**

Úthlutun 2010

Hlíðarvatn

Seinustu umsóknum um leyfi á veiðisvæðum Ármanna fyrir komandi sumar var skilað inn þriðjudagskvöldið 5. janúar s.l.

Úthlutun er nú lokið og má sjá niðurstöður hennar hér til hlíðar. Eins og undanfarin ár var langmest sótt í Hlíðarvatn í maí og júní, þar sem margsótt var um suma daga og þá sérstaklega helgidagana. Var það verðug gestaþraut að koma öllum fyrir í góðri sátt, sem að sjálfsögðu er markmiðið.

Reikningar vegna úthlutaðra veiðileyfa eiga, þegar þessi Áróður kemur inn um bréfalúguna, að hafa borist öllum félögum.

Greiðsla og útgáfa veiðileyfa svo og afhending félagsskirteina fer síðan fram í Árósum í lok janúar eða mánudagskvöldið 25., þriðjudagskvöldið 26. og miðvikudagskvöldið 27. klukkan 20:00-22:00. Þá þurfa félagsmenn og að standa skil á árgjaldi 2010, hafi þeir ekki gert það áður. Ekki spillir fyrir ef menn geta sýnt kvittanir sé það mál frágengið. Eldri árgjöld þurfa að sjálfsögðu einnig að vera í skilum.

Þeir sem ekki eiga heimangengt ofanefnd kvöld eða eru þannig búsettir, geta greitt fyrir veiðileyfin í banka. Á hreinu þarf þá að vera hver og fyrir hvað er verið að greiða.

Taka skal fram félagsnúmer þess er greiðir og númer reikningsins sem greiða á. Bankareikningur Ármanna er 0111-26-501108 og kt. 641176-0289.

Frekari upplýsingar veitir Sveinn gjaldkeri í síma 891 8073 eða á netfanginu sveinnag@hi.is.

Í lok febrúar er svo gert ráð fyrir að óseld veiðileyfi verði sett í almenna sölu á netsíðuna okkar, Leyfi.is. Verðið þar og þaðan í frá verður eðlilega hærra en úthlutunarverð til félagsmanna. Þeim félagsmönnum, sem hafa áhuga á að kaupa veiðileyfi á óseldum dögum fyrir þann tíma, er velkomið að hafa samband við stjórn áður en leyfin fara í hina almennu sölu.

Sú er vonin að flestir uni sáttir við sitt.

Stjórnin

	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September
1.	Hlíðarv.nefnd	632,632,632	230,230,230		
2.	707,695,696	702,702,702			
3.	406,406,406	387,387,387	504,592,592		
4.	803,755,755	386,386,386			444,444,444
5.	28,28,28	737,737,737	120,120,120		
6.	739,739,739	249,249,249	697,697,697	6,6,6	
7.	652,652,652	804,804,804	701,701,701	315,285,515	
8.	512,512,512	314,314,314		800,800,800	
9.	678,678,678	540,540,540			
10.	749,749,749	496,496,496	535,535,535	40,40,40	
11.	63,63,63	745,745,745	2,2,2		
12.	629,578,731	399,399,399	367,367,367		
13.	111,726,801	566,566,566			
14.	744,740,787	676,676,676		537,537,537	
15.	466,466,466	726,733,768			
16.	453,453,453	544,544,544	515,515,515		
17.	139,139,139	622,622,659	741,741,741		
18.	579,579,579	537,537,537	676,676,676		
19.	469,469,469	425,425,425			
20.	300,300,300	800,800,800			
21.	337,337,661	376,376,376	492,492,492		
22.	339,340,402	677,677,677		634,634,634	
23.	253,253,253	576,576,576	492,492,492		
24.	529,529,529	668,590,590	566,566,566		
25.	775,775,775	357,308,741	447,447,447		702,382,705
26.	623,623,623	633,633,594			
27.	424,424,424	349,349,349			
28.	97,97,97	362,362,362		493,456,635	
29.	382,400,705	282,282,286		493,456,635	
30.	589,385,524	374,374,374	383,383,383		
31.	511,511,511		647,647,647		

Húseyjarkvísl

Dagsetning	Stöng 1	Stöng 2	Stöng 3
24.-27. 5.	416	416	416
27.-31. 5.	795	795	795
31.5.-3. 6.	745	745	745
3.-7. 6.	643	733	726
7.-10. 6.	773	773	773
10.-14. 6.	750	647	492

Skógá

Dagsetn.	Stöng 1	Stöng 2	Stöng 3	Stöng 4
16.-18. 9.	741	741	741	741
18.-20. 9.	492	549	647	767
20.-22. 9.				
22.-24. 9.	677	677	677	677

Skálmardalsá

Dagsetning	Stöng 1	Stöng 2	Stöng 3
22.-25. 7.			
25.-28. 7.	634	634	634
3.-6. 8.	639	454	770
18.-21. 8.			
21.-24. 8.	425	424	424

Vatnsá

Dagsetning	Stöng 1	Stöng 2
27.-29. 9.	447	448
29. 9.-1. 10.		

Áramótakveðja

Í þeim Áróði sem kom út um áramótin féll óvart niður áramótakveðja okkar, en við frekar seint en ekki, þökkum ykkur ágætu félagar og velvildarmenn fyrir góða og gefandi samveru á árinu 2009 og óskum ykkur farsældar á þessu ári, hvar sem þið berið niður. Hlökkum sannarlega til að eiga með ykkur notalegar stundir í ókomna tíð.

Stjórn Ármanna

Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:
Reykjavík: Intersport
og Veiðiportið
Akureyri: Hornið

Vetrardagskrá í Árósum 2010

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20.00-22.00

Opið hús á miðvikudagskvöldum frá kl. 20.00-22.00

Auglýstir viðburðir

25. janúar mánudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
26. janúar þriðjudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
27. janúar miðvikudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
30. janúar laugardagur	Þorrablót
10. febrúar miðvikudagur	Aðalfundur
3. mars miðvikudagur	Bleikjustofnar í stöðuvötnum og umhverfis breytingar Hilmar J. Malmquist forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kóp.
17. apríl laugardagur	Vorblót

ATH. Þegar auglýstir viðburðir bera uppá sömu daga og reglulega dagskrá eins og t.d. Skegg og Skott eða viðlíka, þá fellur regluleg dagskrá niður.

Aðalfundur Ármanna

Ítrekað er að aðalfundur Ármanna verður haldinn miðvikudagskvöldið 10. febrúar 2010 kl. 20 í Árósum eins og auglýst var í seinasta Áróði.

Til upprifjunar eru helstu efni þessi:

Kjósa skal um ný lög sem byggð eru á upphaflegum lögum félagsins og sem tóku gildi á stofnfundi félagsins 28. febrúar 1973, með síðari breytingum. Lagatillagan fylgdi fundarboðinu í seinasta blaði.

Kjósa skal tvo nýja stjórnarmenn, en úr stjórn ganga Örn Daníelsson og Ragnar Björgvinsson.

Sjálfkjörnir eru í stjórn: Bragi Valur Egilsson og Sigbjörn Kjartansson.

Sjálfkjörnir eru skoðunarmennirnir: Sigurður Jónsson og Halldór Lárusson og til vara Örn Guðmundsson.

Aðrar tillögur um lagabreytingar og um stjórn og skoðunarmenn komu ekki fram.

Stjórnin

Þorrablótið 2010

Nú er við hæfi að minna félagi á af hverju þeir í haust merktu á dagatölum sínum við laugardagskvöldið 30. janúar. Þá verður haldið að fornum sið hið nafntogaða þorrablót Ármanna, þar sem saman koma aldnir og ungir, lygnir og ólygnir (þessir tveir) og súrir og sætir. Og allir eitt bros og veitir nú ekki af. Kostar nær ekkert og það verður af nógu að taka.

Raggi Hólm ætlar að segja okkur eitthvað fallett, Guðmundur Haukur mun sjá til þess að fólk syngi og svo hafa aðrir þekktir tónlistamenn hótað að koma og stöðva andríkar samræður blótsgesta stundarsakir. Það horfir sem sagt í að þetta verði eðalsamkoma eins og endranær.

Skráning fer fram í Árósum og á armenn@armenn.is og vissara að vera ekki seint á ferð við þá gjörð, síðustu ár hefur verið húsfyllir. Miðaverð er aðeins 4000 kr. eins og í fyrra.



Fluguhnýtingaefni

Mesta úrval landsins af fluguhnýtingaefni

Afsláttur til Ármanna

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugarveg 178 sími 551 6770 www.vesturrost.is

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Eiríkur I. Bjarnason, eirikur@wurth.is.

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf. www.armenn.is / armenn@armenn.is